

FRÁSÖGN

af fundi Evrópuráðsþingsins í Strassborg 8.–12. október 2018.

Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins sóttu fundinn Rósa Björk Brynjólfsdóttir formaður, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir varaformaður og Bergþór Ólason auk Bylgju Árnadóttur alþjóðaritarar. Helstu mál á dagskrá voru tillögur um breytingar á þingsköpum, deilur Rússa við Evrópuráðsþingið og Evrópuráðið, málefni flóttamanna og réttindi regnbogafjölskyldna.

Stærsta mál októberfundarins voru tillögur þingskapanefndar Evrópuráðsþingsins um breytingar á þingsköpum og versnandi samskipti Rússa og Evrópuráðsins. Rússar hafa ekki sent landsdeild á Evrópuráðsþingið frá árinu 2015 í mótmælaskyni við það að landsdeildir þeirra voru í tvígang sviptar atkvæðisrétti sínum á þinginu. Sú svipting var samþykkt vegna innlimunar Rússa á Krímskaga árið 2014 á grundvelli reglna þingsins um athugasemdir við kjörbréf landsdeilda af efnislegum ástæðum (e. *challenge to credentials on substantive grounds*). Frá sumrinu 2017 hafa Rússar enn fremur haldið eftir greiðslum sínum til Evrópuráðsins í heild.

Petra De Sutter, framsögumaður ályktunarinnar, benti á að reglur um athugasemdir við kjörbréf af efnislegum ástæðum væru 30 ára gamlar. Að mati þingskapanefndar hefði þingið áunnið sér rétt til að svipta landsdeildir ýmsum réttindum þrátt fyrir að lagalegt álit frá lögfræðiskrifstofu Evrópuráðsins kvæði á um annað. Þingskapanefnd styngi því upp á að halda þessum rétti þingsins til að gera athugasemdir við kjörbréf af efnislegum ástæðum en að styrkja pólitískt lögmati slíkra ákvarðana. Í tillögum þingskapanefndar var aukið við fjölda þeirra sem þyrftu að standa að baki athugasemdum við kjörbréf. Einnig var reglum um atkvæðagreiðslur breytt þannig að 2/3 hlutar þingmanna þyrftu að greiða atkvæði með því að svipta landsdeildir réttindum sínum, auk þess sem þingfundur þyrfti að vera ákvörðunarbær. Í ályktun þingskapanefndar var enn fremur sett fram sú túlkun að svipting atkvæðisréttar hefði ekki áhrif á rétt landsdeilda til að kjósa dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, mannréttindafulltrúa eða framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

Heitar umræður urðu um tillögurnar þar sem hópur þingmanna, aðallega frá Bretlandi, Úkraínu, Georgíu, Svíþjóð og Eystrasaltslöndum, hélt því fram að tillögurnar þjónuðu þeim tilgangi einum að gera Rússum kleift að leggja fram kjörbréf nýrrar sendinefndar á næsta ári án þess að eiga á hættu að sendinefndin yrði svipt atkvæðisrétti sínum. Þannig væri þingið að láta undan kúgunartilburðum. Bent var á árásargirni Rússa gagnvart Úkraínu og Georgíu, eiturefnaárásina í Salisbury, flug MH17 sem grandað var og netárásir Rússa á ýmis vestræn lönd. Rússar sæktust ekki eftir samræðum heldur vildu valda sundrung og óstöðugleika í vestrænum ríkjum. Svo lengi sem sú væri raunin ætti ekki að koma til móts við kröfur Rússa. Nokkrir þingmenn sögðu tillögurnar um breytingar á þingsköpum jafnast á við friðkaupastefnu (e. *appeasement*) Evrópuríkja gagnvart Hitler í aðdraganda seinni heimsstyrjaldar.

Jafnmargir þingmenn ræddu um mikilvægi þess að halda Evrópu sameinaðri og að tryggja rússneskum almenningi þá vernd sem Mannréttindadómstóll Evrópu veitti þeim. Bent var á mikilvægi samvinnu landa á viðsjárverðum tímum. Þinglegt samstarf ætti að byggjast á samræðum og að best væri að gera athugasemdir við framkomu Rússa ef þeir væru þátttakendur í starfi þingsins. Refsiaðgerðir ættu betur við á vettvangi ríkisstjórna en í þinglegu samstarfi. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir tók til máls og sagði Evrópuráðsþingið standa á krossgötum. Með því að samþykkja ályktunina mundi Evrópuráðsþingið staðfesta rétt sinn til að gera athugasemdir við kjörbréf um leið og ábyrgðinni á úrlausn deilunnar yrði varpað á Rússa. Nauðsynlegt væri að Rússar yrðu áfram aðilar að Evrópuráðinu, bæði fyrir Evrópuríki og fyrir rússneskan almenning. Ef þingmenn væru hins vegar þeirrar skoðunar að Rússar ættu að víkja úr Evrópuráðinu væri nauðsynlegt að ræða það og eðlilegra að Rússum yrði boðið að ganga úr samstarfinu á vettvangi ráðherraráðsins á grundvelli 7. greinar stofnsáttmálans. Thorbjörn Jagland, framkvæmdastjóri

Evrópuráðsins, tók til máls og benti á að samkvæmt lagalegu álitu væri réttur aðildarlanda Evrópuráðsins til að kjósa dómara við Mannréttindadómstólinn og framkvæmdastjóra ráðsins bundinn í stofnsáttmála ráðsins. Reglubreytingar þær sem lögju fyrir þinginu væru mikilvægar til að leysa úr vonlausu ástandi þar sem eitt aðildarríki tæki þátt í starfi sumra stofnana Evrópuráðsins en ekki annarra. Jagland tók undir með Þórhildi Sunnu og sagði að ákvörðun á grundvelli 7. og 8. greinar stofnsáttmálans væri mjög öflugt tæki þegar aðildarríki virtu ekki skuldbindingar sínar. Í lok umræðna lagði framsögumaður til að skýrslunni yrði vísað aftur til nefndar og var það samþykkt. Rökstuðningur De Sutter var sá að með því að fresta umræðunni yrði fjarlægð sú tímapressa sem þingmenn kvörtuðu undan og hægt yrði að taka afstöðu til reglubreytinga án þess að þær yrðu tengdar við deilu Rússa og Evrópuráðsins.

Í ályktun um palestínsk börn í ísraelsku réttarkerfi hvetur þingið stjórnvöld í Ísrael til að breyta ísraelskum lögum, starfsreglum og viðhorfum til að standa vörð um alþjóðlega viðurkennd réttindi palestínskra barna. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir tók til máls fyrir hönd flokkahóps síns og lýsti samúð sinni með börnum sem væru tekin höndum á heimilum sínum um miðja nótt, þau jafnvel barin, svelt eða niðurlægð og yfirheyrd án nærveru lögfræðings eða foreldris. Hún benti á að Ísrael væri eina landið í heiminum þar sem réttað væri yfir börnum frammi fyrir herdomstól og að börnin væru yfirleitt látin afplána fangelsisvistina í Ísrael, fjarri fjölskyldum sínum og lögfræðingum mánuðum saman. Börnin sneru til baka brotin og afleiðingarnar væru víðtækar fyrir fjölskyldu þeirra og samfélagið allt. Þessi meðferð flokkaðist undir sameiginlega refsingu (e. *collective punishment*) sem væri stríðsglæpur. Rósa Björk Brynjólfsdóttir tók einnig til máls og sagði mikilvægt að verja börn fyrir ofbeldi sem gengi í arf og að koma í veg fyrir að þau álitu ofbeldi eðlilegan hluta af tilveru sinni. Í skýrslunni væri bent á alvarleg brot á mannréttindum barna og þar kæmi fram að börn væru fangelsuð í síauknum mæli. Hún hvatti ísraelsk stjórnvöld til að virða alþjóðalög þegar börn kæmust í kast við lögin. Rót vandans væri þó viðvarandi hernám Ísraels á palestínsku landi. Pólitísk lausn á deilu Ísraels og Palestínu væri nauðsynleg til að tryggja frið og öryggi beggja aðila.

Í ályktun um jafnrétti í einkalífi og fjölskyldulífi óháð kynhneigð biður þingið aðildarríki Evrópuráðsins m.a. um að afnema mismunun gagnvart þörum af sama kyni þegar kemur að búseturétti, heilbrigðisþjónustu, fjölskyldusameiningu, erfðarétti, ríkisborgararétti, ættleiðingu og læknisfræðilegri aðstoð við getnað. Í umræðum tók Þórhildur Sunna Ævarsdóttir til máls og benti á að stórfengleg viðhorfsbreyting hefði átt sér stað á Íslandi á örfáum áratugum í kjölfar þrotlausrar baráttu hinsegin fólks. Regnbogafjölskyldur væru eins og hverjar aðrar fjölskyldur og ættu rétt á sams konar viðurkenningu og vernd. Þingið samþykkti einnig tvær ályktanir um málefni flóttamanna. Önnur fjallar um fjölskyldusameiningu og hin um mikilvægi kynjasjónarmiða að því er snertir aðlögun flóttamanna. Í umræðum um ályktanirnar tók Rósa Björk Brynjólfsdóttir til máls og sagði tímabært að huga að málefnum stúlkna og kvenna á flóttu. Margar þeirra yrðu fyrir mismunun og kynbundnu ofbeldi í viðtökulöndum. Mikilvægt væri að horfast í augu við vandamálið og styðja við réttindi kvenna og gildi manngæsku og samúðar.

Þingið samþykkti einnig ályktanir og tilmæli um erlenda fjármögnun íslams í Evrópu, um róttækni meðal innflytjenda, kjarnorkuöryggi, ótakmarkaðan aðgang eftirlitsaðila að aðildarríkjum Evrópuráðsins, um hlutverk þjóðþinga í árangursríkri valddreifingu, samningaviðræður í sakamálum og um hrap flugvélar pólska hersins árið 2010 á rússnesku landsvæði. Rósa Björk Brynjólfsdóttir var framsögumaður skýrslu framkvæmdastjórnar og stjórnarnefndar þingsins.

Marija Pejčinović Burić, utanríkisráðherra Króatíu, flutti skýrslu ráðherranefndar Evrópuráðsins og þingið ávarpaði einnig Khemaies Jhinaoui, utanríkisráðherra Túnis. Darian Pavli var kjörinn dómari við Mannréttindadómstól Evrópu fyrir Albaníu og Arnfinn Bårdsen fyrir Noreg. Þá voru afhent mannréttindaverðlaun Václav Havels. Verðlaunahafinn að þessu sinni var Oyub Titiev, yfirmaður mannréttindasamtaka í Grosní í Tsjetsjeníu, sem situr í fangelsi vegna fréttaflutnings af mannréttindabrotum í héraðinu.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins og á vefsvæðinu www.assembly.coe.int.